

Kirkjuþing unga fólksins 2017.

x. mál –þskj. x.

TILLAGA

til þingsályktunar um að fulltrúi kirkjuþings unga fólksins hafi styrkari stöðu á kirkjuþingi.

(Lagt fyrir kirkjuþing unga fólksins 2017)

Flm. Eline Rabbervåg

Frsm .Daníel Ágúst Gautason

Kirkjuþing unga fólksins 2017 ályktar að fulltrúi kirkjuþings unga fólksins á kirkjuþingi hafi atkvæðisrétt í stað þess að vera áheyrnarfulltrúi.

Greinargerð:

Nú er komin góð reynsla á setu forseta KUF á kirkjuþingi. Forsetar KUF hafa hingað til haft málfrelsi og tekið virkan þátt í störfum kirkjuþings. Við teljum eðlilegt að gefa þeim frekari tækifæri á að hafa mótandi áhrif á störf þingsins og niðurstöðu með því að þeir öðlist atkvæðisrétt á þinginu.